

Þriðjudaginn 13. apríl 1993.

Nr. 383/1991. **Kristín E. Sigurðardóttir**

gegn

dánarbúi Ragnars Gísla Kjartanssonar.

Óvígð sambúð. Fjárfrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. sama mánaðar. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 23. maí 1991. Með málið er farið sem áfrýjunarmál eftir 3. mgr. 153. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að kröfur sínar fyrir skiptarétti verði teknar til greina og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfur áfrýjanda lúta aðallega að því, að sér verði greiddar af eignum dánarbúsins 5.817.009 krónur með dráttarvöxtum frá 15. janúar 1990 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar.

Af hálfu stefnda var sótt þing í Hæstarétti við þingfestingu málsins, en ekki eftir það. Kröfur hafa ekki komið fram af hálfu dánarbúsins hér fyrir dómi. Mál þetta er því dæmt á grundvelli 2. mgr., sbr. 1. mgr., 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Óumdeilt er, að áfrýjandi og Ragnar Gísli Kjartansson bjuggu í óvígðri sambúð frá 1968 til 1971 og aftur frá 1973 til dánardægurs Ragnars Gísla 25. október 1988. Hann eignaðist íbúð þá, er þau bjuggu í, með heimildarbréfi 9. júní 1966. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands 15. október 1990 var Ragnar Gísli í fullu starfi sem rannsóknarmaður á jarðeðlisfræðideild stofnunarinnar frá árinu 1965 til dauðadags. Þegar dánarbú hans var tekið til opinberra skipta í júní 1989, var innbú þess metið á 85.500 krónur. Samkvæmt gögnum málsins eru aðrar eignir dánarbúsins íbúðin að Hverfisgötu

102 B, efri hæð, Reykjavík, og 2/3 hlutar jarðarinnar Stóru-Borgar I í Austur-Eyjafjallahreppi.

Af hálfu áfrýjanda er því ekki haldið fram, að hún hafi átt hlutdeild í fjármunamyndun búans. Ekki eru lagaskilyrði fyrir kröfu hennar um eignarhlutdeild í búinu vegna vinnuframlags við umönnun Ragnars Gísla í veikindum hans. Þá hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að sér beri réttur til sérstakra launa vegna umönnunar Ragnars Gísla umfram þann hag, er hún hefur haft af búsetu í íbúð hans allan sambúðartímann og sameiginlegu heimilishaldi þeirra. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda, dánarbú Ragnars Gísla Kjartanssonar, á að vera sýknt af kröfum áfrýjanda, Kristínar E. Sigurðardóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Haralds Henryssonar og
Þórs Vilhjálmssonar.**

Áfrýjandi máls þessa, Kristín E. Sigurðardóttir, og Ragnar Gísli Kjartansson voru í sambúð í 17 ár, allt þar til Ragnar Gísli lést 1988. Á því verður að byggja, að hann hafi átt við vanheilsu að stríða og að áfrýjandi hafi veitt honum aðhlynningu í löngum og erfiðum veikindum hans síðustu ævírin.

Það er álit okkar, að nægilega sé fram komið, að þessi aðhlynning hafi verið svo mikil, að áfrýjandi eigi að lögum kröfu á endurgjaldi fyrir hana af eignum dánarbúsins, samanber dóma Hæstaréttar, H. 1982, 1107, og H. 1983, 865. Við teljum eftir atvikum öllum hæfilegt, að áfrýjandi fái greiddar 500.000 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. maí 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 18. apríl 1991.

Sóknaraðili, Kristín E. Sigurðardóttir, kt. 201232-3929, Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, gerir þær dómkröfur aðallega, að varnaraðili verði dæmdur

til að greiða 5.817.009 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 15. jan. 1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ, og reiknist dráttarvextir á tildæmdan málskostnað, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að kröfur sínar verði lækkaðar að mati dómsins og að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ og að dráttarvextir reiknist á tildæmdan málskostnað skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þá gerir sóknaraðili í báðum tilfellum kröfu um, að dæmdur verði 24,5% virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Varnaraðili, dánarbú Ragnars G. Kjartanssonar, kt. 240530-3339, gerir þær kröfur aðallega, að búið verði sýknað af kröfum sóknaraðila, og til vara, að kröfur sóknaraðila verði lækkaðar verulega. Í báðum tilfellum krefst varnaraðili þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ og að dráttarvextir reiknist á tildæmdan málskostnað, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá krefst varnaraðili þess, að dæmdur verði 24,5% virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Tildrög málsins eru þau, að 25. október 1988 lést Ragnar Gísli Kjartansson, kt. 240530-3339, síðast til heimilis að Hverfisgötu 102 B.

Að ósk sóknaraðila var dánarbú Ragnars tekið til opinberra skipta 13. júní 1989, og í tengslum við þau skipti hefur skiptaréttarmál þetta verið höfðað.

Sóknaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum, að hún hafi verið í sambúð með Ragnari G. Kjartanssyni í 17 ár og að verulegan hluta þess tíma hafi Ragnar þurft mikillar umönnunar við vegna sjúkdóms, er hann var haldinn, og hafi hún algerlega séð um umönnun þessa auk venjulegs heimilishalds fyrir hinn látna án nokkurrar greiðslu þar fyrir.

Kröfufjárhæðin er fundin með viðmiðun við næstlægsta Sóknartaxta, 30% af fullum árslaunum fyrir átta ár og full árslaun fyrir níu ár.

Sóknaraðili bendir á, að krafan sé fyrst og fremst vegna umönnunar, sem nauðsynleg hafi verið vegna sjúkdómsins, og því sé ekki unnt að draga neina fjárhæð frá vegna afnota sóknaraðila af húsnæði hins látna. Auk þess hafi þeir fjármunir, er sóknaraðili átti og aflaði, runnið til búsins óskipt.

Varakröfu sinni til stuðnings bendir sóknaraðili á sömu rök og fyrir aðalkröfu, en auk þess á, að fjárhagsleg samstaða sé óhjákvæmileg eftir jafnlanga sambúð, og af þeim sökum og með vísan til reglna sifjaréttar um óvígða sambúð verði ekki hjá því komist að telja sóknaraðila eiga að

minnsta kosti helming hreinnar eignar dánarbúsins. En gera verði ráð fyrir, að krafa sóknaraðila sé réttilega hærri en gengur og gerist í óvígðri sambúð vegna þeirrar hjúkrunar, er hinn látni þurfti við, auk alls venjulegs heimilis-halds.

Varnaraðili styður sýknukröfu sína þeim rökum, að eðlilegt sé, að sambúðaraðilar veiti hvor öðrum aðstoð vegna sjúkleika án þess að geta krafist launa fyrir það. Þá bendir varnaraðili á, að Ragnar hafi unnið fyrir mun meiri tekjum en sóknaraðili og því greinilega staðið að mestu leyti fyrir rekstri heimilisins, og einnig, að íbúð sú, er þau Ragnar og Kristín bjuggu í, hafi verið í eigu Ragnars við upphaf sambúðarinnar. Varnaraðili bendir einnig á, að sóknaraðili hafi allan sambúðartímann fengið fæði og húsa-skjól hjá hinum látna.

Varakröfu sína um verulega lækkun kröfu sóknaraðila styður varnaraðili þeim rökum, að ef sóknaraðili verði talinn eiga rétt á einhverjum greiðslum vegna umönnunar, sé í mesta lagi unnt að krefjast þeirra frá árinu 1985, og aldrei verði unnt að krefjast fullra dagvinnulauna, heldur einungis einhvers brots þeirra. Þá krefst varnaraðili þess, að frá hugsanlegum greiðslum til sóknaraðila verði dregin húsaleiga, sem eðlilegt væri, að sóknaraðili greiddi dánarbúinu, þar sem sóknaraðili hefur búið í íbúð Ragnars heitins, síðan hann dó. Telur varnaraðili eðlilegt að miða við 30.000 kr. í húsaleigu, enda sé tekið mið af leigumarkaði í Reykjavík. Af þessum sökum sé rétt að draga frá kröfunni leigu í 17 mánuði, allt frá láti Ragnars og til dagsins í dag, og upphæðin sé því 510.000 kr. auk dráttarvaxta.

Þá hafnar varnaraðili þeim röksemdum sóknaraðila, að sér verði dæmdur helmingur hreinnar eignar dánarbúsins á þeim forsendum, að allar eignir dánarbúsins hafi stofnast vegna framlags Ragnars heitins. Fasteignina hafi hann átt, þegar til sambúðarinnar var stofnað, og aðrar eignir stafi frá vinnulaunum hans. Þá bendir varnaraðili á, að ekki sé sýnt fram á neitt framlag sóknaraðila til búsins.

Málavextir eru þeir samkvæmt gögnum málsins, að frá árinu 1973 til dauðadags Ragnars bjuggu sóknaraðili og Ragnar heitinn óslitið í óvígðri sambúð og þar áður frá árinu 1968 til 1971. Allan þennan tíma var Ragnar skv. vottorði lækni haldinn geðrænum sjúkdómi. Skv. sama lækni-vottorði veiktist Ragnar af meltingarfærasjúkdómi á árinu 1985 og þurfti frá þeim tíma mikillar umönnunar við, en lækni-rinn, Ólafur Ingibjörnsson, telur, að allan sambúðartímann hafi Ragnar þurft einhvern umönnunar við vegna geðræna sjúkdómsins. Ragnar var hins vegar í fullu starfi hjá Veðurstofu Íslands allt til dauðadags. Ekki verður séð, að sóknaraðili hafi stundað launaða vinnu á sambúðartímanum, en hún mun hafa fengið örorkustyrk frá tryggingastofnun.

Niðurstaða.

Ekki hefur tekist að sýna fram á neitt vinnuréttarsamband milli sóknaraðila og Ragnars heitins. Telja verður eðlilegt, að sambúðaraðilar hlynni hvor að öðrum, án þess að greiðsla komi þar fyrir, nema þá að sérstaklega sé um samið. Í máli þessu hefur ekkert komið fram, sem rennir stoðum undir kröfu sóknaraðila til vinnulauna, þrátt fyrir það að telja megi, að umönnunin hafi verið meiri en gengur og gerist. Af þessum sökum telur dómurinn ekki fært að taka til greina kröfu sóknaraðila um vinnulaun vegna umönnunar.

Krafa sóknaraðila um viðurkenningu á að minnsta kosti helmingshlutdeild í hreinni eign búsins er ekki reifuð með þeim hætti, að unnt þyki að taka afstöðu til hennar í máli þessu. Með því að ekki er hægt að vísa henni frá réttinum, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878, verður að hafna henni.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa, að kröfum sóknaraðila er hafnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur tafist nokkuð vegna veikinda dómarans.

Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
